



Dagskrá Píluþings ÍPS – 8. mars

Staðsetning: Tangarhöfði 2, RVK – Píluaðstöðu PFR

Dagskrá Píluþings:

1. Fundarsetning.

Pétur Rúðrik Guðmundsson hóf þingið á að bjóða alla velkomna og kom með tillögu að fundarstjóra og ritara.

2. Kosning Fundarstjóra og Ritara.

Oddur Ragnar Þórðarson var kosin sem fundarstjóri og Pétur Rúðrik Guðmundsson sem ritari.

3. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Píluþing - Skýrsla stjórnar

Inngangur

Undanfarin ár hafa verið einstaklega viðburðarík og árangursrík ár fyrir pílukast á Íslandi. Vöxtur og uppgangur í íþróttinni hefur verið glæsilegur, bæði á meðal fullorðinna og barna- og unglunga. Pílukast hefur þróast úr því að vera áhugamál nokkurra í það að verða sífellt stærri og meira viðurkennt sem íþróttagrein hér á landi.

Vöxtur og uppgangur

Pílukast hefur þróast úr því að vera fyrst og fremst skemmtun í skúrnum eða á kránni yfir í að vera viðurkennd íþrótt með skipulögðum æfingum og mótum. Sérstaklega gleður okkur að sjá hvernig barna- og unglingastarfið hefur blómstrað, þar sem unnið er markvisst að því að kynna íþróttina fyrir yngri kynslóðum og skapa heilbrigðan vettvang fyrir íþróttaiðkun. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá hversu margar konur hafa bæst í hóp pílukastara, og er það okkur sérstakt kappsmál að halda áfram að styðja og hvetja þær til þátttöku.

Íþróttin hefur vaxið bæði í fjölda iðkenda og í gæðum leikmanna. Börn, unglingar og fullorðnir sýna allir miklar framfarir og hafa mörg hver náð frábærum árangri bæði hérlandis og erlendis. Þar má helst nefna árangur leikmanna sem hafa sótt PDCNB og WDF mót undanfarin ár hjá bæði konum, körlum og unglingum. Til að mynda höfum við unnið okkur inn þátttökurétt á World Cup Of Darts tvö ár í röð. Einnig gerði Nadía Jónsdóttir sér lítið fyrir og vann alþjóðamót unglunga á vegum WDF í Riga á síðasta ári.

En þetta er vitnisburður um þann mikla metnað og vinnusemina sem býr í okkar pílusamfélagi, bæði hjá aðildarfélögum sem og pílukösturum sjálfum.

Landsliðin

Nýtt barna- og unglingaráð hefur tekið til starfa og einnig höfum við ráðið nýja landsliðspjálfa hjá U18 sem er hann Haraldur Birgisson. Þetta er stórt skref í átt að því að

byggja upp sterkan grunn fyrir framtíðina og styðja við hæfileikaríka unglunga sem eiga sér bjarta framtíð í íþróttinni.

Landslið Íslands í öllum flokkum stóð sig vel á árinu sem er að líða og framundan eru spennandi tímar. En við munum fá að sjá bæði miklar framfarir og árangur innan landsliðana sem og hjá einstaklingunum sem eiga eftir að láta að sér kveða á alþjóðarvettvangi.

Mótahald

Á árinu voru haldin fjölmörg pílumót um allt land bæði á vegum ÍPS sem og félagsmót aðildarfélaganna. Þar fengu bæði byrjendur og lengra komnir að spreyta sig í okkar göfugu íþrótt. Mótin skapa ekki aðeins tækifæri til keppni heldur eru þau einnig félagslegur vettvangur þar sem píluáhugafólk geta skipst á reynslu og lært hvert af öðru. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá þátttöku fjölskyldna á mótum þar sem bæði börn og fullorðnir keppa og njóta.

Þakklæti til stuðningsaðila og sjálfbóðaliða

Stjórnin vill koma á framfæri innilegu þakklæti til allra sem komu að starfinu á árinu. Hvort sem það eru styrktaraðilar, sjálfbóðaliðar, þjálfarar, mótssjórar, foreldrar eða félagsmenn sem leggja hönd á plóg við skipulagningu og framkvæmd viðburða.

Það er ómetanlegt að sjá þann stuðning og kraft sem býr í okkar samfélagi. Hvert framlag, stórt sem smátt, hefur skipt sköpum fyrir áframhaldandi uppbyggingu og velgengni íþróttarinnar. Án ykkar hefði þessi árangur ekki verið mögulegur.

Hvatning til félagsmanna og píluáhugafólks

Við hvetjum alla félagsmenn til að halda áfram að æfa og taka þátt í mótum. Einnig viljum við hvetja þá sem eru áhugasamir um pílukast, en hafa ekki enn stigið sín fyrstu skref, til að hafa samband við sitt pílufélag og mæta á æfingu eða kynningu. Pílukast er íþrótt fyrir alla, óháð aldri eða bakgrunni.

Framtíðarsýn

Framtíðin er björt fyrir pílukast á Íslandi. Við ætlum að halda áfram að byggja upp starfsemina, bæði fyrir börn, unglunga og fullorðna, með það að markmiði að gera pílukast að aðgengilegri íþrótt fyrir sem flesta.

Samfélagið í kringum pílukastið á Íslandi er einstakt og hefur þroskast hratt og örugglega undanfarin misseri og saman munum við byggja upp enn öflugri íþrótt sem mun vaxa og dafna um ókomin ár.

Að lokum viljum við hvetja alla félagsmenn og allt píluáhugafólk á Íslandi til að halda áfram að taka þátt, styðja við starfið og miðla gleðinni sem pílukastið gefur. Áfram Ísland!

Með vinsemd og virðingu

Stjórn ÍPS

4. Gjaldkeri leggur fram reikninga sambandsins til samþykktar.

Ársreikningar voru samþykktir.

5. Stjórnin leggur fram í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Bent var á að það vantaði vegna ferða landsliðanna inn í fjárhagsáætlunina.

Það var umræða um félagsgjöld og það þyrfti að skerpa á hvernig aðildarfélög skila af sér svo hægt sé að hafa allt rétt í bókhaldinu.

Stjórn ÍPS er með lista yfir félagsmenn og gjaldkeri hefur útbúið verklag tengt félagsskráningu og þá hvernig eigi að skila félagsgjöldum inn.

Félagsgjöld – Nokkur félög greiddu ekki félagsgjöld og það þarf líka að skerpa á að þau greiði gjöldin. Gjaldkeri er að senda pósta á stjórnir að greiða ársfjórðungsfélagsgjöld.

Aðildarfélög senda netföng annara stjórnarmanna svo hægt sé að senda á fleiri.

Treyjusala er ekki skráð rétt en var rúmlega 300.000 þús. Var skráð sem „aðrar tekjur vegna móta“. Huga þarf að því að kaupa ekki fleiri treyjur en þarf. Hægt er að skoða með að selja treyjur á netinu.

Einu styrkirnir voru frá vegna Floridana mótinu og PingPong sem var vegna unglingastarfsins..

Árið 2023 komu ekki greiðslur frá Novis eins og til stóð.

6. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.

Tvö aðildarfélög sendu tillögur að breytingum á lögum.

7. Teknar til umræðu aðra tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Þingfulltrúar skiptu sér í tvo hópa og fóru yfir lagabreytingar aðildafélaga.

FUNDARHLÉ

8. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Farið var yfir nefndarálit út frá tillögum um lagabreytingu aðildarfélaganna og í framhaldi atkvæðagreiðsla um þær.

9. Önnur mál.

Rætt var um 40 ára afmæli ÍPS 2025 og skoða með að skipa í nefnd sem verður stjórninni innan handar í að gera þessum merka áfanga góð skil.

Ásgrímur Harðarson kom með tillögu að ársgjaldið yrði 5000kr. Tillagan var samþykkt.

Hallgrímur Egilsson vildi árétta að senda ætti öll erindi á og frá dart@dart.is sem tengist ÍPS, hvort sem það eru erlendir aðilar eða innlendir.

Rætt var um að auglýsa í nefndir og ef ekki fengist í nefndirnar að senda félögin sem koma þá með tillögum að aðilum í nefndir á vegum ÍPS.

Það kom ábending frá Viðari Valdimarssyni að taka út tengil á inneignir á heimasíðu ÍPS. Píludeild Þórs bauð fram aðstoð sína ef þess þyrfti að við að klára þetta.

Ásgrímur Harðarson hrósaði gjaldkera fyrir fyrirkomulag á árgjöldum og öðru tengt því.

Það kom ábending um að félögin þurfa að skrá inn leikmenn og greiða fyrir þá svo þeir séu löglegir í mótum á vegum ÍPS.

10. Kosning stjórnar, meðstjórnanda, varamanns og endurskoðanda reikninga skv.

Formaður – Hilmar Þór Hönnuson og Pétur Hafsteinsson buðu sig fram til formanns.

Hilmar var kosin sem formaður af þingfulltrúum og fékk 15 atkvæði. (Pétur fékk 2 atkvæði).

Varaformaður – Sumarliði Árnason bauð sig fram og var kosin sem varaformaður af þingfulltrúum.

Gjaldkeri – Viktoría Ósk Daðadóttir bauð sig fram til gjaldkera og var kosin sem gjaldkeri af þingfulltrúum.

Ritari – Guðmundur Gunnarsson bauð sig fram sem ritari og var kosin sem ritari af þingfulltrúum.

Meðstjórnendur — Júlíus Helgi Bjarnson PFS og Gunnar Bragi Jónason buðu sig fram sem meðstjórnendur og voru kosnir af þingfulltrúum sem meðstjórnendur.

Skoðunarmaður reikninga – Kristján Sigurðsson bauð sig fram og var kosin sem skoðunarmaður reikninga af þingfulltrúum.

Ekki fleiri gert, pílupingi slitið 16:00.

11. Fundarslit.

Tillögur frá aðildarfélögum fyrir Píluþing ÍPS 2025

1. Tillögur frá PFR.

Breytingartillaga um 5. Grein

Núverandi grein lítur svona út.

5. grein – Píluþing

Píluþing fer með æðsta vald í málefnum ÍPS. Þingið sitja fulltrúar frá þeim félögum sem aðild eiga að ÍPS.

Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir fjölda greiddra meðlima, gesta aðild undanskilin, aðildarfélags sem hér segir:

1 til og með 25: Einn fulltrúi

26 til og með 50: Tveir fulltrúar

51 til og með 100: Þrír fulltrúar

101 og fleiri: Fjórir fulltrúar

Þingið skal árlega haldið fyrir 15.mars ár hvert. Píluþing skal boða skriflega með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn ÍPS minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn ÍPS tilkynna sambandsaðilum dagskrá fundarins, ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa, í síðasta lagi 2 vikum fyrir fund. Píluþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

5. grein – Píluþing

Píluþing fer með æðsta vald í málefnum ÍPS. Þingið sitja fulltrúar frá þeim félögum sem aðild eiga að ÍPS.

Fulltrúafjöldi hvers félags fer eftir fjölda greiddra meðlima, gesta aðild undanskilin, aðildarfélags síðasta ársfjórðungs sem hér segir:

1 til og með 25: Einn fulltrúi

26 til og með 50: Tveir fulltrúar

51 til og með 100: Þrír fulltrúar

101 og fleiri: Fjórir fulltrúar

Þingið skal árlega haldið fyrir 15.mars ár hvert. Píluþing skal boða skriflega með minnst 6 vikna fyrirvara með því að auglýsa á heimasíðu ÍPS og samfélagsmiðlum. Málefni ásamt tillögum til lagabreytinga sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn ÍPS minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn ÍPS tilkynna sambandsaðilum dagskrá fundarins, ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa, í síðasta lagi 2 vikum fyrir fund. Píluþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Skýring viðbót á Fulltrúafjöldi fari eftir meðlimum félags síðasta ársfjórðungs

Viðbót á að auglýsa þingið á heimasíðu og samfélagsmiðlum sambandsins og setja þar inn tillögur og lagabreytingar verði þar settar inn líka. Þetta leyfir félögum að ræða við sinn fulltrúa um breytingar.

Flýtir tíma í þess liði á þingi þar sem að fulltrúar væru þá búin að lesa yfir og kynna sér fyrir þing

Breytingartillaga um 7. Grein

Núverandi grein lítur svona út.

7. grein - Aukaþing

Auka Píluþing skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til auka Píluþingar má hafa styttri en til reglulegs Píluþingar. Fulltrúar á auka Píluþingi eru þeir sömu og voru á síðastliðnum Píluþing á undan. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða fluttur úr héraðinu eða forfallast á annan hátt. Á auka Píluþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinna aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um hefðbundinn Píluþing.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

7. grein – Aukaþing

Auka Píluþing skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til auka Píluþingar má hafa styttri en til reglulegs Píluþingar. Fulltrúar á auka Píluþingi eru þeir sömu og voru á síðastliðnu Píluþingi á undan. Þó má fá nýjan fulltrúa í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða fluttur úr héraðinu eða forfallast á annan hátt.

Á auka Píluþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn til næsta Píluþings, ef meirihluti kjörinna aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum.

Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um hefðbundinn Píluþing.

Skýring : Fulltrúar á auka Píluþingi eru þeir sömu og voru á síðastliðnum Píluþing á undan „breytt í“ Fulltrúar á auka Píluþingi eru þeir sömu og voru á síðastliðnu Píluþingi á undan. Síðarsliðnum Píluþing og varla eiga að vera alltaf sömu fulltrúar ár eftir ár og Píluþing breytt í Píluþingi

Breyting á; fyrir Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa „eftir Þó má fá nýjan fulltrúa í stað fulltrúa

Breytingartillaga um 8. Grein

Núverandi grein lítur svona út.

8. grein - Skipulag Pílupings

Störf Pílupings eru:

1. Fundarsetning.
2. Kosning Fundarstjóra og Ritara.
3. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga sambandsins til samþykktar.
5. Stjórnin leggur fram í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
6. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
7. Teknar til umræðu aðra tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

FUNDARHLÉ

8. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
9. Önnur mál.
10. Kosning stjórnar, meðstjórnanda, varamanns og endurskoðanda reikninga skv. 9gr. Sambandsins.
11. Fundarslit.

Sé kosið um mál með fleiri en tveim valkostum skal fella í burt þann valkost sem hlýtur fæst atkvæði og kjósa aftur; skal þetta endurtekið þar til einungis tveir valkostir standa eftir.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Kosningar á aðalfundi skulu vera leynilegar sé þess óskað, annars úrskurðuð með handauppréttingu.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

8. grein – Þingsköp Pílupings og Þingsköp aukapings

8.a Þingsköp Pílupings eru :

1. Þingsetning
2. Kosning embættismanna þingsins, Þingforseta og ritara.
3. Stjórn gefur skýrslu síðasta árs
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
6. Reikningar bornir undir til atkvæði
7. Ákvörðun árgjalds.

ÞINGHLÉ

8. Stjórnin leggur fram í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
9. Lagðar fram tillögur um breytingu laga og reglugerða sambandsins ef um er að ræða 10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Kosning stjórnar samkv. 9 gr. Sambandsins.

12. Önnur mál.

13. Þingslit.

Liðir skýringar

1-2 Eðlilegra að hafa þetta orðalag um píluping,

3 Stjórn er ekki fráfari nema að hluta til svo tek það út

4. Reikningar eiga að vera endurskoðaðir af kjörnum endurskoðanda

5. Gefa fulltrúum tækifæri að fá að ræða og spyrja um lið 4 og 5

6. Þegar umræðum er lokið að bera þá reikingana til samþykktar

7. Vantar í fyrri lög ákvörðun árgjalds

8. Var liður 5 áður

9. Umorðun á 7 lið

10. Var liður 8 áður

11. Var liður 10 áður, er stytt í bara stjórn

12. Var liður 9 áður

8. b

Þingsköp aukapings eru :

1. Þingsetning

2. Kosning embættismanna þingsins, Þingforseta og Ritara.

3. Tekin til meðferðar þau mál er gefið hafa tilefni til aukapings og voru tilgreind í þingboði.

4. Önnur mál sem kunnu að vera borin upp, ef þingið leyfir að taka fyrir.

5. Þingslit.

Sé kosið um mál með fleiri en tveimur valkostum skal fella burt þann valkost sem hlýtur fæst atkvæði og kjósa aftur; skal þetta endurtekið þar til einungis tveir valkostir standa eftir.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Kosningar á pílupingi skulu vera leynilegar sé þess óskað, annars úrskurðuð með handauppréttingu. Nafnakall má hafa, ef atkvæðagreiðsla er óglögg að mati þingforseta eða ef þingheimur krefst þess.

Skýringar

Hafa þingsköp fyrir aukaping því ekki þarf að fara í gegnum alla lið venjulegs Pílupings

Breytingar í tveimur í tveimu og taka út í fyrir framan burtu Fyrir Sé kosið um mál með fleiri en tveim valkostum skal fella í burt þann valkost Eftir Sé kosið um mál með fleiri en tveimur valkostum skal fella burt þann valkost. Breyting á Kosningar á aðalfundi, eftir Kosning á Pílupingi Bæti hér inni að það megi hafa nafnakall ef að atkvæðagreiðsla sé óglögg,

Breytingartillaga 9. grein

Núverandi grein lítur svona út.

9. grein – Kosning Stjórnar ÍPS

Stjórn ÍPS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn sambandsins skipa sjö manns og skal kosið til tveggja ára í senn:

- Forseti, ritari og einn meðstjórnandi kosnir á sléttum ártölum.
- Gjaldkeri, varaformaður og tveir meðstjórnendur kosnir á oddatölu ártölum.
- Þá skal kjósa einn varamann fyrir stjórn og einn endurskoðanda að reikningum.
- Ávallt skal þó kjósa í lausar stöður stjórnar óháð ártali komi slíkt upp.

Stjórn er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár ÍPS er almanaksárið.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

9. grein – Kosning Stjórnar ÍPS

Stjórn ÍPS fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn sambandsins skipa sjö manns og skal kosið til tveggja ára í senn:

- Formaður, ritari og einn meðstjórnandi kosnir á sléttum ártölum.
- Gjaldkeri, varaformaður og tveir meðstjórnendur kosnir á oddatölu ártölum.
- Þá skal kjósa einn varamann fyrir stjórn og einn skoðunarmann að reikningum.
- Ávallt skal þó kjósa í lausar stöður stjórnar, komi slíkt upp og þá til eins árs í einu samkvæmt reglum hér að ofan.

Stjórn er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár ÍPS er almanaksárið.

Skýring Á aðalfundi 2023 var samþykkt að breyta Forseta aftur í Formann, breyti aðeins þarna orðalagi í sambandi við óháð ártali, að það sé skýrt að það sé haldið í regluna í sambandi við ártölin en þá bara til eins árs t.d. ef að það sé verið að kjósa ritara á oddatölu ártali

Breytingar tillaga um 12. Grein

Núverandi grein lítur svona út.

12. grein – Fastanefndir og ráð

Nefndir á vegum ÍPS.

Stjórn ÍPS skal á hverju ári skipa þrjá aðila í hverja af eftirfarandi nefndum og skal formaður hvernar nefndar skipaður sérstaklega:

- Aganefnd
- Mótanefnd
- Barna og Unglingaráð

Nefndir á vegum ÍPS skulu starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

12. grein – Fastanefndir og ráð

Nefndir á vegum ÍPS.

Stjórn ÍPS skal á hverju ári auglýsa eftir umsóknum í nefndir, ef ekki næst að manna nefndir skal stjórn ÍPS hafa samband við formenn félagana um að þeir eigi að tilnefna aðila í nefnd. Þrír aðilar eiga að vera í hverri af eftirfarandi nefndum og skal formaður hvernar nefndar skipaður sérstaklega:

- Aga- og reglunefnd
- Móta- og framkvæmdanefnd
- Barna og Unglingaráð
- Afreksnefnd
- Þingnefnd

Nefndir á vegum ÍPS skulu starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS.

Skýringar bæti þarna inn nokkrum nefndum til að aðstoða og minka álag á stjórn sambandsins Dreifa aðeins verkefnum á félögin og drífa inn fólk til að aðstoða. Má alveg vera fleiri nefndir

Breytingar tillaga á 13. Grein

Núverandi grein lítur svona út.

13. grein – Vald nefnda á vegum ÍPS

Aganefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um öll þau deiluefni sem ekki eru sérstaklega falin öðrum í reglugerðum ÍPS.

Mótanefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS. Barna og Unglingaráð skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS.

Um hæfi nefndarmanna til úrskurða í einstaka málum skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls skal stjórn ÍPS skipa annan aðila í hans stað í því tiltekna máli.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

13. grein – Vald nefnda á vegum ÍPS

Aga- og reglunefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um öll þau deiluefni sem ekki eru sérstaklega falin öðrum í reglugerðum ÍPS. Aga- og reglunefnd skal fara yfir reglur sambandsins og leggja fram fyrir stjórn til samþykktar.

Móta- og framkvæmdanefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS.

Móta- og framkvæmdanefnd skal sjá um keppnisstað móta á vegum ÍPS, ef setja þarf upp bása og/eða sinna smíðavinnu og öðru því tengt.

Barna og Unglingaráð skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS.

Afreksnefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum ÍPS og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum ÍPS.

Þingnefnd skal aðstoða stjórn ÍPS við skipulagningu á þingi sambandsins.

Um hæfi nefndarmanna til úrskurða í einstaka málum skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls skal stjórn ÍPS skipa annan aðila í hans stað í því tiltekna máli.

Skýringar viðbætur eru um starfsvið viðbættra nefnda

Breytingar tillaga um síðustu málsgrein laga

Núverandi grein lítur svona út.

Samþykkt á Aðalfundi ÍPS 17.janúar 2024

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

Samþykkt á Aðalfundi ÍPS 17.janúar 2024

Taka gildi eftir framhald aðalfundar 20. ágúst 2024

Skýring - Lögin voru vissulega samþykkt í janúar á aðalfundi 17 janúar enn taka ekki gildi fyrr en eftir auka aðalfund 20. Ágúst 2024 því að aðalfundi var ekki lokið þarna

Ef að þau hefðu verið samþykkt í jan þá hefði átt að halda Píluping það ár.

Því Aðalfundi var frestað og haldin framhalds fundur 20, ágúst

2. Tillögur frá PFK.

Núverandi grein lítur svona út.

2. grein – Aðildarréttur og skyldur

1. Íslenska Pílukastsambandið er samband pílukastara á Íslandi og aðili að World Darts Federation.
2. Öll þau félög sem iðka, æfa og/eða keppa í Pílukasti geta orðið aðilar að ÍPS. Með aðild að ÍPS skuldbinda aðildarfélög sig til að virða lög og reglur sambandsins ásamt reglum World Darts Federation (WDF)
3. Meðlimur Sambandsins er hver sá sem er skráður félagi og hefur greitt félagsgjald hjá pílufélagi með aðild að ÍPS. Meðlimir sambandsins geta aðeins átt fulla aðild að einu pílufélagi hverju sinni.
4. Félagsskipti eru leyfð fyrir hvern ársfjórðung, en hvert aðildarfélag skal senda inn til ÍPS uppfærða félagsskrá fyrir lok hvers ársfjórðungs, 31.mars, 30.júní, 30.sept og 31.des og skil inn greiðslu fyrir hvern leikmann

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

2. grein. - Aðildarréttur og skyldur

1. Íslenska Pílukastsambandið er samband pílukastara á Íslandi og aðili að World Darts Federation
2. a. Öll þau félög sem iðka, æfa og/eða keppa í pílukasti geta orðið aðilar að ÍPS. Með aðild að ÍPS skuldbinda aðildarfélög sig til að vera í héraðssambandi og skila inn iðkendafjölda og skýrslu stjórnar um störf félagsins í skráningarkerfi ÍSÍ. Einnig skuldbindur aðildarfélag sig til að virða lög og reglur sambandsins ásamt reglum World Darts Federation (WDF)
- 2.b. Öll aðildarfélög þurfa að skila inn samþykktum ársreikningum og skýrslu stjórnar um starf félagsing tveimur vikum fyrir Píluþing hvers árs.
3. Meðlimur Sambandsins er hver sá sem er skráður í aðildarfélag innan ÍPS og hefur greitt félags- eða æfingagjald hjá sínu félagi. Félagsmenn 19 ára og eldri (miðað við almanaksár) greiða sérstaklega til ÍPS greiðslu sem ákvörðuð er ár hvert en iðkendur 18 ára og yngri greiða ekki slíkt gjald. . Meðlimir sambandsins geta aðeins átt fulla aðild að einu pílufélagi hverju sinni.
4. Félagsskipti eru leyfð fyrir hvern ársfjórðung, en hvert aðildarfélag skal senda inn til ÍPS uppfærða félagsskrá fyrir lok hvers ársfjórðungs, 31.mars, 30.júní, 30.sept og 31.des og skil inn greiðslu fyrir hvern leikmann. Félagsskipti einstaklings þurfa að fara í gegnum ÍPS og þarf að fylla út eyðublað fyrir einstakling og senda það til ÍPS. Einnig þarf leikmaður að borga félagsskiptagjald til ÍPS sem er ákveðið á hverju ári.

5. Ef félag skilar ekki einu af eftirfarandi; greiddu félagsgjaldi, samþykktum ársreikningum, ársskýrslu og félagskrá félagsmanna til ÍPS verði gerð tillaga á næsta Pílupingi að heimilt verði að vísa því félagi úr ÍPS.

Núverandi grein lítur svona út.

8. grein - Skipulag Pílupings

Störf Pílupings eru:

1. Fundarsetning.
2. Kosning Fundarstjóra og Ritara.
3. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga sambandsins til samþykktar.
5. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
6. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
7. Teknar til umræðu aðra tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

FUNDARHLÉ

8. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
9. Önnur mál.
10. Kosning stjórnar, meðstjórnanda, varamanns og endurskoðanda reikninga skv. 9gr. Sambandsins.
11. Fundarslit.

Sé kosið um mál með fleiri en tveim valkostum skal fella í burt þann valkost sem hlýtur fæst atkvæði og kjósa aftur; skal þetta endurtekið þar til einungis tveir valkostir standa eftir.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Kosningar á aðalfundi skulu vera leynilegar sé þess óskað, annars úrskurðuð með handauppréttingu.

Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Fundarfulltrúar geta með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv [5.gr.](#) 3.mgr.). Skýrslu stjórnar ÍPS ásamt fundargerð skal birt til athugasemda innan viku frá fundarslitum.

Tillaga að breytingu. - Tillaga samþykkt

Okkur finnst vanta í störfum Píluþings að ákveða félagsgjald til ÍPS. Svo finnst okkur vanta umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga. Því gerum við gerum tillögu um að áttunda grein í lögum ÍPS verði svohljóðandi:

8. grein - Skipulag Píluþings

Störf Píluþings eru:

1. Píluþingsetning
2. Kosning forseta þings og ritara þings.
3. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga
5. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Lagt til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun og tillögu um félagsgjald, einnig félagsskiptagjald næsta árs.
7. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðra tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning stjórnar, meðstjórnanda, varamanns og endurskoðanda reikninga skv. 9gr. Sambandsins.
12. Píluþingsslit.

Sé kosið um mál með fleiri en tveim valkostum skal fella í burt þann valkost sem hlýtur fæst atkvæði og kjósa aftur; skal þetta endurtekið þar til einungis tveir valkostir standa eftir.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Kosningar á aðalfundi skulu vera leynilegar sé þess óskað, annars úrskurðuð með handauppréttingu.

Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingfulltrúar geta með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5.gr. 3.mgr.). Skýrslu stjórnar ÍPS ásamt Píluþingsfundargerð skal birt til athugasemda innan viku frá þingslitum.

Einnig erum við með tillögu um að grein 8 sé á undan grein 7 í lögum ÍPS. (Innskot IPS – Dregið tilbaka af PFK)

Við teljum að grein um Aukapíng ætti að vera fyrir neðan Skipulag Píluþings.

